

HANDBÓK BOGFIMI DÓMARA

Unnið af:
Landsdómara: Guðmundur Örn Guðjónsson.
Prófarkalestur: Ólafur Gíslason.
Bogfiminefnd ÍSÍ



ULLR norræni guð skíða og bogfimi

Dómarahandbókin 2017

Allir dómara á Íslandi eru staðfestir af Bogfiminefnd ÍSí og þurfa að hafa setið landsdómara-námskeið sem er haldið af Bogfiminefnd ÍSí. Skírteini eru aðeins veitt þeim sem hafa náð prófi.

Hvað er dómari?

Margir halda að dómari eigi að vera strangur og refsa öllum fyrir öll mistök sem þeir gera. Svo er ekki. Dómara eru til staðar til að viðhalda reglum en þurfa að vera sveigjanlegir með beitingu þeirra eftir aðstæðum. Ég er ekki að segja að fara ekki eftir reglum, reglurnar eru grunnurinn að íþróttinni okkar og án þeirra væri alger ringlureið, en það þarf að fara eftir reglum með almennri skynsemi (common sence).

Til að útskýra hvað við er átt er hér dæmi:

Lögreglumaður stoppar mann á 120 km hraða á klukkustund þar sem má keyra á 30 km hraða á klukkustund, lögreglumaðurinn handtekur manninn og setur hann í

Íslenska Dómarahandbókin 2017

fangelsi. Tíu mínútum seinna stoppar lögreglumaðurinn annan mann á sama svæði að keyra á 120 km hraða á klukkustund þar sem má keyra á 30 km. Seinni bílstjórinn útskýrir og sýnir að hann var með alvarlega slasað barn í aftursætinu sem hafði verið ekið á og hann er að koma því á sjúkrahús eins fljótt og mögulegt er.

Sömu lögin hafa verið brotin á nánast sama tíma ætti sama refsing að eiga við? Ég er viss um að flest ykkar segja „Að sjálfsgöðu ekki“ en dómara gera stundum akkúrat það, refsa án þess að íhuga aðstæður.

Sem dómari átt þú að dæma eftir reglum á sanngjarnan hátt gangvart keppendum, og í stað þess að fletta í reglubókunum til að reyna að refsa mönnum og minnka skor bogamanna, að reyna frekar að fletta í reglubókinni til aðstoða bogamennina og reyna finna reglu sem hækkar skorin þeirra.

Góð dómgæsla er að nota reglurnar á sanngjarnan máta þannig að allir geti keppt, jafnir. Dómari er ekki heilalaus regluvél.

Ef bogamaður hefur brotið reglu sem getur gefið honum forskot yfir aðra bogamenn, fjarlægð, tími, fjöldi örva, stig, þá verðurðu að standa fast á reglum og refsa eins og við á. Þú gerir það í þeim tilgangi að vernda rétt hinna bogamanna sem brutu ekki reglurnar. Það verða allir að keppa á sömu forsendum og á jafnréttisgrundvelli.

Skjalið.

Þetta skjal er gert til að auðvelda þér að skilja og framkvæma starf dómara og benda þér á grunn- reglurnar sem allir eiga að keppa eftir. Undir engum kringumstæðum er þetta skjal hærra sett en reglur WA (World Archery). Þetta er aðeins yfirlit til að auðvelda þér skilninginn og beitingu reglanna. Reglur World Archery gilda í öllum keppnum á Íslandi, lögin hafa ekki verið þýdd ennþá en enskar útgáfur er hægt að finna á World Archery heimasíðunni. Ef þú ert í vafa leitaðu þá í þeim að svari.

Dómarar og skotstjórar á Íslandi og siðfræði.

Sem dómari ert þú þjónn keppninnar, ekki meistari hennar. Það er heiður að verða dómari og það veltur á okkur að viðhalda þeim heiðri með því að viðhalda þekkingu, vinsemi, trausti, sanngirni og karakter. Það er okkar verk að vera 100% viss um það að reglurnar sem við dæmum eftir séu réttar, en á sama tíma að vera ekki of stjórnsamir eða yfirþyrmandi.

Haltu opnum hug og vertu tilbúinn til að hlusta náið á útskýringar bogamanna og mótshaldara og hafðu vítt sjónsvið yfir alla keppnina og dæmdu á eins sanngjarnan máta og hægt er. Þannig aukum við traust bogamanna á því að hvert sem þeir fara á Íslandi geta þeir búist við sanngjarnri keppni.

Íslenska Dómarahandbókin 2017

Siðfræði

Tilgangur dómara er að sjá til þess að keppnin gangi auðveldlega fyrir sig svo að allir keppendur geti gert sitt besta.

Eiður okkar dómara er bundinn í Ólympíska eyðnum fyrir dómara og mótshaldara:

“On behalf of all Judges and officials, I promise that I will officiate in these Olympic Games with complete impartiality, respecting and abiding by the rules which govern them, in the true spirit of sportsmanship.”

(recited for the first time during the XXth Olympiad – Munich 1972, Heinz Pollay-Equestrian)

Því miður eru sumir keppendur sem leitast eftir því að auka getu sína á mótum og notfæra sér allar mögulegar leiðir til að tryggja sér hærra sæti, meðal annars veikleika dómara.

Það er okkar verk að passa upp á það að allir keppi á jafnréttisgrundvelli og það getur þýtt það að við þurfum að taka sterka afstöðu af ákvörðunum okkar til að tryggja að það sé farið jafnt með alla samkvæmt reglunum.

Við verðum að setja fordæmi um sjálfstjórn og sanngirni og aldrei leyfa keppanda að valda því að við missum stjórn á skapi okkar eða sjónarmiðum okkar. Það er mikilvægt að dómari láti skap sitt ekki stjórna dómum.

Það er mjög mikilvægt fyrir dómara að fylgjast með reglubreytingum, svo að það sé ekki verið að fylgja gömlum úreldum reglum. Hægt er að fylgjast með reglubreytingum á World Archery vefsíðunni. Breytingar á reglum eru gerðar einu sinni á ári fylgjandi fundi heimssambandsins. Einnig er hægt að finna reglur ÍSÍ á vefsíðu ÍSÍ.

Sem dómarar verðum við að vera vissir um að við séum með réttar upplýsingar í höndunum. Það að ráðfæra sig við annan dómara er ekki merki um veikleika heldur merki um styrk og sýnir það að þú ert einungis að leitast eftir því að taka 100% réttar ákvarðanir.

Dómararar verða að vera vel upplýstir og tilbúnir til að ræða og fræða ef þörf er á, vera kurteistir og standa fast á sínum ákvörðunum. Sýndu áhuga á því sem er að gerast, bjóddu öllum kurteislega aðstoð þína og reyndu að trufla ekki keppendur nema þess þurfi.

Ekki missa athyglina af því sem þú átt að vera að fylgjast með, sem er keppnin. Ekki reykja eða drekka á leikvellingum. Reyndu að spjalla ekki lengi við keppendur eða aðra mótshaldara á meðan þú ert í starfi þar sem það getur leitt aðra til þess að trúá því að þú sért ekki hlutlaus eða sért ekki að fylgjast með þínu starfi. Ekki valda neinum truflunum á móti eða keppendum sem eru ekki tengdar öryggi mótsins og fólksins. Slökktu á farsímanum á meðan þú ert í starfi ;)

Mundu að keppandinn er akkúrat það „keppandi“, hann er þarna til að gera eins vel og hann getur, hafðu það í huga.

Útlit og starf dómara á keppnis svæði.

Klæðnaður dómara á að vera snyrtilegur og hlutlaus, hann skal ekki vera klæddur klæðnaði frá félagi sem gæti gefið til kynna að hann sé ekki hlutlaus í dómum sínum.

Gott er að notast við glósubók til að skrifa niður allt sem þú framkvæmir sem dómari. Staða þín verður virtari ef þú getur vitnað í glósubókina.

Starf dómara er einnig að passa upp á og staðfesta mælingar á skotvellingum, skoða ástand búnaðar sem skal nota við keppnina og staðfesta að sá búnaður sé í lagi til notkunar í keppninna. Hægt er að finna tékklista á síðustu síðu þessa skjals sem er hægt að nota við skipulagningu formóts. Það er mikilvægt að það sé reynt að hugsa fyrir öllu sem gæti gerst á mótinu fyrirfram.

Best er að halda stuttan fund áður en mótið hefst með keppendum eða forsvarsmönnum félaga með útskýringum á því hvernig mótið verður haldið, hverjir eru að vinna við mótið sem dómarar og skotstjórar og slíkt, og svara spurningum eða leysa vandamál sem gætu komið upp áður en keppni hefst.

Starf skotstjóra (DOS) á keppnissvæði

Skotstjóri sér um að keppnin gangi hratt og örugglega fyrir sig. Skotstjóri skal vera manneskja sem hefur þekkingu á íþróttinni eða annar dómari. Gæði og velgengni keppinnar veltur á því hve vel skotstjórinn stendur sig í sínu starfi. Þannig er starf skotstjóra eitt mikilvægasta starf í bogfimi.

Skotstjóri sér um eftirfarandi hluti.

- Að sjá til þess að tímabúnaðurinn virki rétt og það sé mögulegt að stilla tímabúnaðinn á alla vegu sem gætu komið upp á mótinu.
- Stjórna skotklukkunni og stýra skotinu.
- Stjórna tíma hverrar lotu.
- Viðhalda reglu skotsins (að það sé skotið á sama tíma og eftir ABCD og slíkt)
- Að setja öryggisreglur og fylgja þeim eftir.
- Stjórna kallkerfinu (í samstarfi við fréttamann ef hann er við)
- Að stjórna aðgangi fréttamanna, liðsfulltrúa og almennings að keppninni og vellingum

Íslenska Dómarahandbókin 2017

- Almennt öryggi vallarins.

Skotstjóri verður að vinna náð með dómara til að tryggja að keppnin gangi vel fyrir sig.

KEPPNIR

Neðst í skjalinu er hægt að finna lista yfir vegalengdir, skotskífustærðir og aldursflokka sem er keppt í.

Flokkaskipting keppenda.

Skipt er í flokka eftir kyni í karla og kvenna flokka og eftirfarandi flokka.

E-50 : 50 ára og eldri

Opinn flokkur : 21 til 49 ára

U-21 : 18 – 20 ára

U-18 : 15 – 17 ára

U-15 : 14 ára og yngri

Einnig eru tveir flokkar fyrir lögblinda, með og án „blindfold“, konur og karlar keppa í sama flokki :

VI1 : Með „blindfold“

VI2/VI3 : án „blindfold“

Þrjú flokkar eru til fyrir fatlaða sem er skipt í kvenna og karla flokka.

Sveigbogi Opinn Flokkur

Trissubogi Opinn Flokkur

W1 : Hjólástóla Flokkur (trissu- og sveigbogi eru saman í þessum flokki, eftir megni fötlunar)

Aldurinn miðast við árið sem þeir fæðast.

Í keppni getur keppandi aðeins tekið þátt í einum aldursflokki. Eftir eigin vali þá mega yngri keppendur keppa í eldri flokkum, nema í E-50. Einnig mega E-50 taka þátt í opnum flokki.

Það eru 2 megin deildir sem er skotið undir samkvæmt alþjóðareglum WA, það eru Sveigbogi og Trissubogi. Á Íslandi keppum við líka í Langboga flokki og Barboga flokki (Barebow) sem eru minni World Archery bogagreinar.

Það má halda sér-keppnir fyrir einungis sveigboga eða einungis trissuboga á sitthvorum tímanum.

Aðeins sveigbogi má taka þátt á Ólympíuleikunum.

World Archery utandyra umferðir

WA 1440 umferð má skjóta frá lengstu vegalengd til stystu vegalengdar eða

Íslenska Dómarahandbókin 2017

öfugt. 6 örvum er skotið í hverri umferð, en það má skjóta 3 á styttri vegalengdum ef tími leyfir til að koma í veg fyrir skemmdir á örvum.

Trissuboga umferð eru 72 örvar á 50 metrum á 80cm skífu með skori frá 5 til 10 Sveigboga umferð eru 72 örvar á 70 metrum á 122cm skífu.

Útsláttarkeppni er haldin eftir það og hámark þáttakenda í útsláttarkeppni eru 104 manns og þá sitja efstu 8 hjá tvisvar og byrja í 1/16 útslætti. Ef 2 menn eru jafnir þá er peningi kastað til þess að ákvarða hver er í hvaða sæti, nema þegar að það ræður hver fær réttinn að keppa. Til dæmis ef 2 menn eru jafnir um 8 sæti þá fara þeir beint í útsláttarkeppni um það hver fær 8 sætið og hann heldur áfram í útsláttarkeppni. Ekki eru taldar tíur og níur þegar menn eru jafnir um síðasta sæti inn í útslátt. Sama á við ef það eru fleiri en einn sem eru jafnir, þá skjóta þeir um réttinn að komast í útsláttarkeppnina.

Slíkur útsláttur fer þannig fram að einni ör er skotið á síðustu vegalengd sem var skotið á, sá bogamaður sem er nær miðju heldur áfram, ef það er en jafnt er skotið aftur og aftur þar til jafnteflið er útkljáð, það fást 40 sekúndur per ör í öllum tilfellum nema í sjónvörpuðum úrslitum og liðakeppni.

Liða- og parakeppni.

Samanlagt skor úr undankeppninni ræður hverjir komast áfram í liðakeppni. Skor 3 manna frá sama landi er lagt saman til þess að ákvarða hvar í útsláttarkeppni liða þeir lenda, eða skor hæstu 2 einstaklinga frá sama landi af sitt hvoru kyni í para keppninni. Aðeins 16 hæstu liðin komast í útsláttakeppnina í hvorri keppni fyrir sig.

Í þriggja manna úrslita-liðakeppni er skotið 3 örvum, einni ör per bogamað. Þegar síðasti maðurinn er kominn fyrir aftan biðlínuna er tíminn þeirra stoppaður (biðlínun er metra fyrir aftan skotlínu) og þá byrjar klukkan hjá hinu liðinu og þeir gera það sama. Þetta er endurtekið þar til hvort lið hefur skotið 6 örvum. Skotið er 24 örvum í heildina og það er heildar skorið fyrir þær 24 örvar sem ákvarðar sigurvegarann.

Hvort lið hefur 2 mínútur til þess að skjóta 6 örvum. Liðin skjóta á sitt hvort skotmarkið.

Sama á við um para liðakeppni (mixed team), nema þau skjóta 2 örvum per lið og skipta svo, 4 örvum í heildina per lið, og heildar tíminn sem liðið fær eru 80sek fyrir 4 örvar. Í heildina er skotið 16 örvum í para liðakeppni.

Aðeins einn maður í liði má vera fyrir framan biðlínuna á sama tíma. Þegar 2 menn eru með fætur á jörðinni fyrir framan biðlínuna á sama tíma telst það vera sem brot á reglunni.

Gult spjald þýðir smá villa, eins og 2 menn inn á svæði á sama tíma eða ör var tekin upp úr örvamæli áður en stigið var á línu. Refsingin er tíma refsing og keppandinn verður að fara af skotlínunni aftur fyrir biðlínu áður en hann stígur

Íslenska Dómarahandbókin 2017

aftur á skotlínu. Ef liðið fer ekki eftir þessari refsingu þá er gefið rautt spjald og hæsta skorið(örin) í þeirri lotu dregin frá.

Rautt spjald er notað sem refsing við alvarlegu broti, til dæmis við því að skjóta fyrir eða eftir tímann, liðsmaður skaut fleiri en einni ör í sömu lotu og slíkt.

Refsingin fyrir rautt spjald er tap á hæstu ör þeirrar umferðar.

World Archery innandyra umferðir

Innandyra bogfimi fylgir sömu reglum og utandyra bogfimi að mestu. Þegar skotið er á þrefalda skífu má aðeins vera ein ör í hverri skífu, keppandinn má velja í hvaða skífu er skotið í hvert skipti. Ef staða í útsláttarkeppni endar 5-5 þá er einni ör skotið til að ráða til um sigurvegara, í miðju skífuna. Innandyra er keppt á 40 cm skífu (einfalda eða þrefalda), stóra tían fyrir Sveigboga og Langboga, litla tían (x-ið) fyrir Trissuboga.

Útsláttarkeppni(Sveigboga)

Í einstaklingskeppni er fyrsti keppandi sem nær 6 stigum eða meira sem vinnur þá lotu og heldur áfram í útsláttarkeppninni. Keppendur skjóta 3 örvum hvor í viðeigandi skotskífu á 2 mínútum (40 sek per ör). Ef annar keppandinn er með hærra skor þá vinnur hann 2 stig. Ef skor beggja keppenda er jafnt t.d 27-27 þá fær hvor maður fyrir sig 1 stig. Fyrir tap eru gefin 0 stig. Hægt er að sigra í útsláttarkeppni með eftirfarandi skorum, 6-0, 6-2, 6-4, 7-1 og 7-3. Ef staðan endar 5-5 telst það sem jafntefli og þá er skotið einni ör í miðju skífu til að skera úr um jafnteflið og fást 20 sek fyrir þá ör, sú ör sem er nær miðju segir til um sigurvegarann, sá keppandi fær 1 stig og endar staðan þá 6-5.

Aftast í skjalinu er mynd af uppsettri útsláttarkeppni eftir sætum. Sá sem er í fyrsta sæti keppir við þann sem er í 16 sæti, sá sem er í öðru sæti keppir við þann sem er í 15 sæti og svo framvegis.

Keppendur eða lið sem fá að sitja hjá (BYE) mega æfa sig á sínu skotmarki (hámark 3 lotur) ef að aðstæður leyfa (stærð svæðis), eins og þeir væru að keppa og hefðu unnið 6-0.

Útsláttarkeppni (Trissuboga)

Í einstaklingskeppni er skotið 15 örvum að hámarki 150 stigum, á milli tveggja keppenda. Sigrar sá sem skorar hærra. Við jafntefli er einni ör skotið í miðju skífu og sigrar sá sem hittir næst miðju.

Yfirferð fyrir keppni

Það er á ábyrgð dómarans að fara yfir skotsvæðið og búnað keppenda til að tryggja það að allir keppendur, sama hvar þeir eru í heiminum, keppi á sömu forsendum. Farið er eftir reglum WA um notkun búnaðar og hægt er að finna takmarkanir á búnaði í reglubókunum.

Það er ekki í starfi dómara að skipta um skotskífur, skotmörk, breyta skotlínum eða neinu slíku, það er starf mótshaldara, en að sjálfsgöðu ef dómari er

Íslenska Dómarahandbókin 2017

viðstaddur aðstoðar hann við það. Dómari skal samt fara yfir og ákveða hvaða skífur þarf að skipta um í hverri umferð í keppni (keppendur geta látið dómara vita um hvaða skífur eru slitnar en dómari er sá sem metur það og ræður því).

Við hvetjum til notkunar samskiptatækja frekar en öskra á milli skotstjóra, dómara og mótshaldara, þó verður að hafa gát á því að ekki heyrst truflandi hljóð frá tækjunum. Ekki tala í samskiptatækin nema þess sé þörf og þar sem keppendur heyra til.

Upplýsingamiðlun

Aðalástæða misskilnings, reiði, mótmæla og slíks er skortur á samskiptum og upplýsingamiðlunar. Þitt starf sem dómari er að minnka þetta eins mikið og hægt er og upplýsa alla eins mikið og mögulegt er.

Þú verður að vera jafn mikill „reglu kennari“ og þú ert „reglu dómari“

Sem dómari átt þú að fylgjast með öllum hlutum keppinnar, og ef einhverjar breytingar verða, að hjálpa að miðla þeim upplýsingum til keppendanna. Þó að þú sért búinn með dómaramenntun og þekkir reglurnar þá verðurðu að muna að flestir keppendur hafa ekki gert það.

Fjölmiðlar

Allir innan Bogfiminefndar ÍSí og WA eru alltaf að vinna hörðum höndum að því að koma bogfimi á framfæri. Það er líka í verkahring dómara að aðstoða fjölmiðla og að auglýsa keppnina með því að hafa samband við blaðamenn og aðra fréttamenn til að auglýsa mótið eða birta skorin. Bendið ljósmyndurum og almenningi á að hafa ekki flass á myndavélum í gangi þegar verið er að taka myndir. Ef ljósmyndari notar óvart flass við myndtöku á keppendum sem eru að skjóta þá má endurtaka þá umferð ef þarf.

Búnaður keppenda.

Það tíðkast almennt erlendis að búnaður hvers manns sem skal keppa sé skoðaður af dómara fyrir keppni. Það er gert til að tryggja að allir fari eftir settum reglum og hafi jafna möguleika til að ná árangri. Besta leiðin til að fara yfir búnaðinn er að fá lista yfir keppendur frá mótshaldara. Það er á ábyrgð hvers keppanda fyrir sig að nota löglegan búnað í keppninni og það þarf ekki að sýna allan búnaðinn sem skal nota við skoðunina. Það er hinsvegar okkar starf að keppendur fari eftir reglunum.

Aðal tilgangur skoðunnar er ekki að reyna að „ná“ eða „hnekkja“ á mönnum, heldur að fræða og koma í veg fyrir mistök keppenda.

Reglurnar kveða á um hvað má nota í sveigboga, allt sem er ekki nefnt er ekki leyft.

Í trissuboga eru reglurnar settar upp þannig að einungis það sem er bannað er nefnt, þar sem flestur búnaður er leyfilegur í trissuboga.

Ekki taka í bogagripid á boganum þegar verið er að skoða boga þar sem þú gætir verið sveittur, með krem eða eitthvað álíka á höndunum sem bogamaðurinn vill ekki fá á gripid.

Öryggi

Dómari skal hafa grunnþekkingu á fyrstu hjálp, þekkja viðeigandi neyðarnúmer og vera viss um að viðeigandi fyrstuhjálpar búnaður sé til staðar ef eitthvað skyldi koma upp á. Dómarinn skal einnig kynna þessara upplýsingar fyrir keppendum og mótshöldurum.

Einnig er það í verkahring dómara að passa upp á að staðsetning mótshaldara og áhorfenda sé örugg. Fyrst af öllu er öryggi og það er fremst í skyldum dómara.

3-metra lína

Örvar sem teljast gildar verða að lenda 3 metrum eða lengra inn á skotsvæðinu, merkja skal línu 3 metrum fyrir framan skotlínu svo bogamenn geti séð hvort örin lendi innan þeirra marka. Ef einhver partur af örin lendir innan þriggja metra frá skotlínu telst henni ekki hafa verið skotið og bogamaðurinn má skjóta annari ör í staðinn. Það er á ábyrgð keppanda að dæma um það hvort að örin er innan þeirrar línu eða ekki. Keppandi verður að tilkynna ör sem snertir 3 metra línuna til dómara.

(Það er ekki ætlun neins að skjóta svo stutt og óparfi að refsa mönnum fyrir smá mun þar sem enginn ávinningur er af því að skjóta örinni 2 eða 4 metra þegar keppnisvegalengdir eru mun lengri en það)

Svæði fyrir bogamenn á skotlínu

Tryggið það að í keppni hafi hver keppandi að lágmarki 80cm á skotlínu og að svæðið fyrir hvern keppanda sé merkt. Munið að taka tillit til keppenda í hjólastólum eða á stólum sem þurfa lágmark 100cm pláss. Munið að þessar tölur eru alger lágmark í keppni, ekki staðallinn.

Ef bogamaður dregur upp boga án örvar fyrir aftan biðlínu gefið honum áminningu eða nefnið það við hann að gera það ekki. Ef brotið er ítrekað biðjið hann vinsamlegast um að víkja frá keppni. Það má einungis draga boga upp á skotlínu og vísa honum í átt að skotmörkunum hvort sem boginn er með ör eður ei. Flestir bogamenn sem gera þetta gera það ekki viljandi, gefið mönnum tækifæri til að bæta það. Í alþjóðlegum keppnum er kurteisi að tala við liðstjóra liðsins um að fræða íþróttamann sinn um brotið þar sem ekki allir íþróttamenn tala mörg tungumál.

Skotmörk

Skoðið skotmörk til að sjá hvort að þau geti stoppað örvarnar og séu ekki óeðlilega slitin. Auka skotmörk skulu vera til staðar ef það þarf að skipta um þau. Athugið einnig hvort að standurinn undir skotmarkið sé festur niðri og geti ekki fokið niður eða dottið á keppendur, skoðið líka hvort að það er einhver partur af standinum sem örin gæti lent í ef hún fer í gegnum skotmarkið.

Vindflögg eru ekki skylda en eru nánast nauðsynleg í íslensku veðurfari. Merkja verður skotmörkin með númerum.

Skotskífur

Skotskífur verða að vera frá staðfestum framleiðendum WA. Vertu viss um að það sé nóg magn af skotskífum til staðar áður en keppni hefst. Þegar skotskífur eru

Íslenska Dómarahandbókin 2017

festar á skotmarkið þarf miðjan á skotskífunni að vera 130cm frá jörðu, +/- 5cm. Ef verið er að nota miðju skífur (6-10 og slíkar) þá er lágmarks hæðin 90cm frá miðri skífu og hámarkshæðin er 172cm frá miðri skífu.

Ástæðan fyrir því að það eru hærri mörk og lægri mörk þegar talað er um miðju skífur er svo að það sé hægt að færa skífurnar til aðeins upp og niður ef þarf svo að ekki sé skotið á verst slitna part skotmarksins, sérstaklega innandyra. En í útsláttarkeppni verða allar skífur að vera 130cm fyrir ofan gólf í plúsinn á miðju skífuni.

Þegar horft er á skotmörkin verða skífurnar að líta út fyrir að vera beinar miðað við hver aðra.

Leyfilegt er að velja hvort að notuð er heil 40cm skífa eða þreföld skífa, en mótstjóri/dómari/skotstjóri geta ákveðið að breyta því ef það auðveldar eða flýttir fyrir mótinu. Ef skotið er á heilar 40 cm skífur í ABCD formi þá eru skífu hæðirnar að miðju skífu 100 cm og 160 cm í miðja skífu mælt frá gólfi (+-5cm). Þegar skotið er á heilar 40cm skífur í ABCD þá skjóta AB á neðri skífuna fyrstu 30 örvarnar og næstu 30 örvarnar á efri skífuna, sama á við með CD bara öfugt þeir byrja 30 uppi og enda 30 niðri.

Í útsláttar/úrslitakeppni er skylda að nota þrefaldar skífur (undantekningu má gera fyrir langboga og láta þá skjóta á heilar 40cm skífur) í útsláttarkeppni innandyra. Á 50 metrum utandyra skulu trissubogar skjóta á 80cm skífu sem er með skorsvæði frá 5-10. Á 30 metrum má nota þrefaldar skotskífur fyrir bæði sveigboga og trissuboga sem eru með skorsvæði 6-10.

Innandyra bogfimi

Passa verður upp á nægilegt ljósmagn þegar skotið er innandyra hvort sem það er náttúrulegt ljós eða perur og að ljósmagnið sé það sama á öllum skotmörkum og að örvaskuggar falli ekki á skotskífu annara keppenda (þegar mögulegt er).

Æfingar fyrir keppni

Æfingar eiga að vera 20 mínútur lágmark og hámark 45 mínútur áður en að keppni hefst, best er að hafa æfingu á skotklukku. Þetta er einnig góður tími til að gera prufu á tímatökubúnaði og að sjá hvort að allt gangi rétt fyrir sig. Æfingin þarf ekki að fara fram á sama degi og keppnin er haldin, en þá þarf að lágmarki að gefa 3 æfingarumferðir áður en keppendur hefja keppni á keppnisdegi.

Notkun á ólöglegum búnaði

Það er í starfi dómarsins að skoða búnaðinn á meðan hann er í notkun til að sjá hvort að það sé einhver óleyfilegur búnaður í notkun. Ef upp kemst um keppanda sem er að nota óleyfilegan búnað skal dómari strax hafa samband við forsvarsmann félagsins, þjálfara eða keppandann og segja honum að leiðrétta það tafarlaust, það er til þess að koma í veg fyrir mismun. Það eru engar staðlaðar reglur um hve mikil skor-refsingin skal vera fyrir að hafa notað óleyfilegan búnað, en ef að notkun búnaðarins hefur ekki haft árangursaukandi áhrif er nóg að keppandinn breyti búnaðinum.

Ef að óleyfilegi búnaðurinn hefur valdið töluverðri árangursaukningu þá er

Íslenska Dómarahandbókin 2017

niðurfelling þeirra skora mögulega sanngjörn lausn. Það er hver dómari sem þarf að meta aðstæðurnar og brotið og meta hvað er sanngjörn refsing. Áður en nokkur refsing er gefin út, talið við aðra dómara sem eru á staðnum, mótshaldara og skotstjóra. Hafa verður í huga vilja einstaklingsins líka, var brotið af ógát, fávisku eða viljandi.

Brottvísun frá keppninni er síðasti kostur og skal aðeins nota við grófustu brot eða ítrekuð brot (eins og að nota trissuboga í sveigboga keppni).

Keppendur

Þú verður að athuga hvort að staða bogamanns veldur öðrum bogamönnum óþægindum.

Dómarar verða einnig að athuga með stöðu keppenda og hvort að þær geta verið að valda hættu. Gott dæmi um þetta er „hátt drag“; keppendur sem draga bogann upp á meðan honum er vísað hátt til lofts. Ef eitthvað kæmi upp á og örinni væri skotið gæti hún endað fyrir aftan öryggissvæðið. Þegar svo er ber dómara að láta keppanda vita af því og biðja hann að laga það. Ef keppandinn heldur ítrekað áfram og fer ekki eftir ábendingunni skal ráðfæra sig við skotstjóra og mótshaldara og vísa keppandanum frá keppni. Fyrst og fremst þarf að tryggja öryggi mótsins.

Það er ekki alltaf auðvelt að dæma hvað er hátt drag og hvað ekki, öryggið er aðeins atriði þegar það er búið að draga bogann tölvuvert upp eða í slakann á trissubogum og boganum er enn vísað upp.

Þetta á aðallega við um trissuboga, þar sem sveigbogar halda betur stjórn á gripinu sínu. Passið ykkur að dæma fólk ekki of fljótt.

Keppandi á ekki að tala á meðan hann stendur á skotlínu, þar sem það getur valdið öðrum keppendum truflun. Þjálfari má tala í eðlilegri rödd til keppanda svo lengi sem það sé ekki truflandi fyrir aðra keppendur.

Keppandi verður að fara af línu þegar þeir hafa skotið sínum örvum, til að koma í veg fyrir óþarfa tafir. Þetta á þó ekki við um þá bogamenn sem fyrir kurteisissakir við nágranna sem er enn að skjóta standa á línu til að trufla þá ekki með því að rekast í þá þegar þeir fara af skotlínu.

Keppendur mega fara af línu og á línu eins oft og þörf krefur svo lengi sem það er ekki gert í þeim tilgangi að trufla aðra keppendur. Það er hins vegar á ábyrgð keppandans að hann sé kominn til baka á skotlínu áður en lotu líkur og ef ferðirnar af og á skotlínu eru vegna bilana í búnaði að vera búinn að láta dómara vita að keppandinn sé ekki búinn að skjóta.

Notkun farsíma er leyfileg fyrir aftan biðlínu, en fyrir kurteisissakir eru menn hvattir til að gera það ekki. Notkun allra raftækja er bönnuð á skotlínu.

Kíkjarsjónauka

Notkun sjónauka er leyfileg með öllu, en má ekki skyggja á andlit keppanda svo að það sé ekki hægt að ná af honum ljósmyndum.

Óeðlileg skot

Skopparar

Örvar sem skoppa af verða ákvarðaðar slíkar af dómara þegar kallað er til hans. Dómarinn fer og athugar hvort hægt er að finna gatið sem örin lenti í, ef það finnst gefur hann það skor, ef það finnst fleiri en eitt ómerkt gat þá er gefið skor fyrir lægra gatið, þetta á aðeins við um göt sem eru inn á skorsvæðinu á skotskífunni. Dómarinn skrifar þetta allt í glósubókina sína svo hægt sé að vitna í það síðar. Ef ekkert gat finnst þá lætur dómarinn skotstjórann vita um hve mikið af örvum á eftir að skjóta og keppandinn fær að skjóta þeim örvum sem vantar upp á í lok keppinnar í viðbótarlotu.

Ör sem fer í gegn

Sama regla er ef örvarnar skoppa af, nema það er stundum hægt að sjá í afturendann á örinni eða förin eftir fjaðrirnar í skotskífunni til að gefa skor. Skipta ætti um skotmark ef að ör fer í gegn.

Fleiri en einni ör skotið í fjölfalda skífu

Gerist mest innandyra, þar sem menn ruglast á hvaða skífu þeir áttu að skjóta á og skjóta 2 örvum í sömu skífu (til dæmis miðju skífu) þá á hæsta skorið á **ÞEIRRI** skífu að falla frá.

Bilun í búnaði keppanda

Ef upp kemur bilun í búnaði keppanda á hann tafarlaust að hafa samband við dómara og láta hann meta bilunina. Eftir að dómarinn hefur staðfest bilunina skráir hann niður í glósubókina hvað margar örvar voru eftir og sirka hvað mikinn tíma keppandinn átti eftir af lotunni. Dómari þarf að láta skotstjóra vita strax að upp hefur komið bilun og hvort eigi að bíða eftir að gert verði við bilunina í búnaði keppandans eða hvort það má senda hina keppendurnar áfram að skora sínar örvar.

Í öllum tilfellum verður uppbótar-örvum skotið eins fljótt og auðið er.

Bilun í búnaði telst vera eitthvað sem er ekki hægt að búast við. Slitinn strengur eða strengnokk, laust sigti, skemmd fingurhlíf, dragfjaðrir sem hafa færst, brotin bogmiðja, brotinn sigtispinni og slíkt.

Þetta er ekki gert svo að hægt sé að fjaðra örvar upp á nýtt (t.d. ef ör brotnar), setja nýjan vafning á strenginn eða slíkt sem allir ættu að hafa búist við því að gæti gerst.

Reglurnar leyfa hámark 15 mínútu töf fyrir bilanir og viðgerðir. Örvum sem vantar upp á verður bætt við í lok keppinnar á þeirri fjarlægð. Athugið að þetta á við um allar bilanir þannig að ef sami bogamaðurinn lendir aftur í bilun gilda sömu reglur um 15 mín. til viðgerða. Ef keppandinn er ekki búinn að gera við bilunina innan 15 mínútna eru örvarnar sem vantar upp á skráðar sem miss.

Í útsláttarkeppni er enginn tími gefinn til að laga bilanir.

Klósettpásur teljast ekki sem bilanir en reglurnar leyfa það að láta aðra en keppandann skrá skor eða keppendur að skipast á skotröð og slíkt. Ef að

Íslenska Dómarahandbókin 2017

vandamálið eða þörfin er gífurleg þá finna dómarnir og skotstjórinn eðlilega leið til að koma á móts við vandamálið.

Bilun í búnaði keppinnar.

Ef upp kemur bilun í búnaði keppinnar svo sem skotmörk falla, tími og hljóðmerki standast ekki sama tíma, tímatökubúnaður bilar, skotskífur fjúka af eða slíkt skal það aldrei bitna á keppendunum.

Læknisfræðileg vandamál

Vöðvabólga eða slys teljast ekki vera bilanir, en ófyrirsjáanleg slys eða áverkar er farið með eins og bilun, en það er dómarnir sem þarf að ákvarða hve alvarlegt vandamálið er í samráði við hjúkrunarráðgjafa keppinnar. Blóðsykurfall hjá keppanda skráðum með sykursýki er eitt dæmi um að gefa 15 mínútur fyrir keppanda að jafna sig.

Samkvæmt reglunum þá er enginn auka tími gefinn til að skjóta örvum í útsláttarkeppni. Hvort sem um ræðir vegna bilunar í búnaði keppanda, læknisfræðilegra vandamála eða bilunar í búnaði keppinnar. Þetta er eitthvað sem er best að álíta sem „eftir aðstæðum“ reglu. Til dæmis; f auk skotskífa keppandans af skotmarkinu eða datt skotmarkið? Réttlátast væri að gefa tíma fyrir slík atvik.

Skot fyrir og eftir hljóðmerki

Þar sem bogamenn mega ekki reisa hendina fyrr en hljóðmerkið heyrst eru skot fyrir tímarn sjaldgæf, líklegra er að menn skjóti á hljóðmerkinu eða eftir lok tímans. Fyrsta hljóðmerkið er merki um það að tíminn sé búinn. Áður en þú gerir nokkuð þarftu að vera viss um að tíminn hafi verið útrunninn og að þú gætir hafa heyrt hljóðið á undan keppandanum (mögulegt þegar verið er að tala um langar vegalengdir), ráðfærðu þig við skotstjórnann. Ef það er á nánast sama tíma er keppandinn látinn njóta vafans eins og eðlilegt er.

Ef skotið er fyrir eða eftir tímarn þá tapar keppandinn hæstu örninn í þeirri lotu. Þú sem dómari sýnir það með því að gefa rautt spjald. Skorið verður skráð með hefðbundnum hætti, dómarnir kemur svo og leiðréttir skorið og skráir það í glósubókina sína. Alltaf þegar að dómari gerir breytinga á skorblaði verður hann að kvitta með stöfunum sínum við breytinguna.

Það er mjög mikilvægt að þú gefir rauða spjaldið og að **SKORIÐ SÉ SKRÁÐ OG SVO STRIKAÐ YFIR** upprunalega skorið þar sem það er hægt að áfrýja dómnum og það er mögulegt að upprunalega skorið verði látið standa af áfrýjunardómara eða ÍSí.

Keppandinn á alltaf að njóta vafans ef eitthvað óeðlilegt kemur upp á og einhver óvissa er til staðar.


Staða dómara meðan skor er skrifað

Dómarar skulu standa sirka 10 metrum fyrir aftan skotmörkin og bíða eftir því að

kallað sé á þá. Ef kallað er á þá klára þeir það verk og fara aftur á sama stað þegar því er lokið. Þegar allir bogamennirnir eru búnir að skora og eru farnir framhjá dómaraþum þá kíkir dómariinn á bakvið skotmörkin til að vera viss um að engan vanti, það sé búið að fjarlægja allar örvar, skotskífur séu í lagi og hann sé síðasti maðurinn til baka yfir skotlínu.


Að dæma gildi örva í skotmarki

Er ein mikilvægasta skylda dómara, margir halda að það sé hans eina skylda, svo er ekki en það er líklega sú mikilvægasta. Þú færð traust keppenda og virðingu þeirra ef þú sinnir þessu starfi af fagmennsku



Það er mikilvægt að þú:


1. Notir alltaf stækkunargler
2. Að þú skoðir alltaf örina frá báðum hliðum (einu sinni)
3. Reyndu alltaf að skoða örina eftir 90° meðfram línunni.
4. Alltaf reyna að forðast það að snerta skotmarkið, skotskífuna og örina.
5. Gefðu alltaf skýrt gildi örvarinnar án þess að hika.
6. Fylgstu með því að það skor sem þú dæmdir sé skrifað.



Aldrei spyrja hver á örina sem um ræðir, og ekki tala um hve erfitt að það er að dæma örina (þetta eru mjög mikilvæg atriði)

Tilkynntu skorið með miklu sjálfstrausti „ÞESSI ÖR ER NÍU“. Það gefur bogamönnum sjálfstraust í því að ákvörðunin hafi verið rétt og enginn vafi liggja þar á.

Ef það vantar hluta af línunni og illa gengur að dæma örina með stækkunargleri frá hliðunum horfðu þá beint aftan á örina og reyndu að meta hvar línan væri ef hún héldi áfram. Þetta er síðasti séns, það á alltaf að reyna að dæma eftir skoðun með stækkunargleri frá hlið.



Ef línan hefur færst vegna örvarinnar eða vegna annarar örvar sem er í skotmarkinu verðurðu að taka það til greina við dóminn.

Ekki taka of langan tíma í að taka ákvörðun, **EF ÞÚ ERT EKKI 100% VISS GEFÐU ÞÁ HÆRRA SKORIÐ**. Keppandinn á alltaf að **njóta vafans**. Ekki dæma lægra skor nema það sé alveg skýrt að svo sé og þú ert ekki í neinum vafa.

Þegar dómari er búinn að kveða upp skor þá er ekki hægt að breyta því eða mótmæla eða áfrýja dómnum. Dómurinn og skorið er final og ekki einu sinni dómurinn sjálfur má breyta því.

Skráið vafa-örvar og skotmark í dómara-glósubókina ykkar.

Of mörgum örvum skotið

Ef of mörgum örvum er skotið þá gilda lægstu skorin af þeim örvum sem var skotið. Til dæmis ef átti að skjóta 3 örvum en skotið var 4 örvum og skorið er 10-9-8-7, þá er skorið skráð 10-9-8-7. Munið að skrá allt skorið og yfirstrika svo það skor sem féll frá

Ef bogamaður skyldi skjóta of mörgum örvum og utan tíma (of snemma eða of seint) gilda báðar refsingar, fyrst eru lægstu örvarnar skoraðar og svo er hæsta skorið af þeim yfirstrikað og skorað sem miss.

Keppandi í liðakeppni á að skjóta 2 örvum í umferð, ef keppandinn skaut fleiri örvum en það þá gildir sama regla og hæsta skor liðsins er skráð sem miss fyrir hverja umfram ör sem keppandi skaut.

Skorspjöld og leiðréttingar

Íslenska Dómarahandbókin 2017

Það eru almennt ekki skortalningarmenn í keppnum, keppendur skora sjálfa sig. Ef mistök eru gerð við skorskráningu og ekki er búið að draga örvarnar úr þá eru það keppendurnir sem eiga að leiðrétta skorið og undirrita það með upphafsstöfunum sínum. Ef þú sem dómari ert beðinn um að leiðrétta örvar á þessu stigi, gerðu það, en upplýstu keppendurnar um að þeir eigi að gera það sjálfir og að keppendur geti gert leiðréttingar á skorblaðinu svo lengi sem þeir skrifi allir stafina sína við leiðréttinguna til staðfestingar..

Undir öðrum kringumstæðum skalt þú sem dómari leiðrétta skorið.

Dómari skal ekki skipta sér af skorskráningu nema umbeðinn af keppendum, og ekki gefa álit sitt nema umbeðinn. Það eru til undantekningar frá þessu þegar örvar skoppa úr og slíkt.

Eftir síðustu lotu umferðarinnar verða bogamennirnir að skrifa undir skorspjaldið. Það sýnir að þeir eru sammála örva-gildunum sem voru skrifuð niður. Heildin skal vera skrifuð neðst á skorblaðinu auk þess að skrá magn af tíum og níum (eða x-um).

Ef villa er á skorblaði vegna rangs útreiknings sem er búið að undirrita af bogamönnum þá gildir lægra skorið sem kemur upp. Það má aldrei vera í hag keppanda að reikna skorið sitt hærra saman. Þegar við skorskráningu eru bæði notuð skorblöð og rafræn skráning, eins og á WorldArchery mótum, ef villa er í heildar samanlögðu skori skal rafræna skráningin gilda hvort sem hún er hærri eða lægri.

Það er í verkahring dómara, skotstjóra og mótshaldara að sjá til þess að það sé farið yfir öll skorin og þau séu rétt áður en útsláttarkeppni hefst. Það er ekki hægt að endurgera keppnina ef einhver kom sér áfram með því að skrifa sér hærra skor og kom sér í hærra sæti og væri ekki sanngjarnt gagnvart öðrum keppendum. Oftast í stórum mótum eru útsláttarkeppnir haldnar daginn eftir undankeppnina, þá gefst nægur tími til að fara yfir skorin. Ef keppnirnar eru báðar sama daginn þá er mikilvægt að keppnin haldi ekki áfram fyrr en það er búið að fara yfir öll skorin.

Merkingar gata.

Mörgum keppendum finnst það nauðsynlegt að merkja öll göt á skotskífunni, innan og utan skorsvæðis og jafnvel á trönunum. Þess er ekki þörf þar sem reglunar segja aðeins til um að það þurfi að merkja göt innan skorsvæðis skotskífunnar. Göt utan skorsvæðisins verða ekki tekin til greina þegar leitað er að götum eftir örvar sem gætu hafa skoppað af eða farið í gegn.

Oft skipta menn skyldum sínum á skotmörkum og einn sér um að merkja, einn um að draga örvar úr og svo framvegis. Merkingar á skotskífu eiga ekki að vera lengri en 5mm og 2 línur í „L“ þar sem hornið á „L“inu bendir á staðsetningu gatsins. Ekki má myndast annar punktur til að miða eftir þegar merkt eru örva-göt.

Það er ekki í verkahring dómara að merkja ómerkt göt á skotskífum en ef hann

skyldi finna slíkt fyrir slysi má hann merkja það og láta keppanda vita að hann hafi gert það.

Hegðun keppenda.

Þetta er frekar grátt svæði í reglunum þar sem það er hægt að túlka það vítt. T.d. ef ljót orð eru látin falla til dómara eða mótshaldara þá má gefa viðkomandi keppanda viðvörun í gegnum formann liðsins. Ef það heldur áfram þrátt fyrir viðvaranir þá er það brottvísun úr keppni.

Ofbeldi eða gróf líkamleg snerting gangvart starfsmönnum keppinnar, dómurum, öðrum keppendum eða áhorfendum verður ekki liðin og krefst tafarlausrar brottvísunar frá keppni.

Lok keppni

Í lok keppinnar aðstoðar dómari við afhendingu verðlauna.

Það er einnig hvatt til þess að dómari skrifi stutta skýrslu um hvernig mótið gekk, t.d. vandamál sem gætu hafa komið upp, og sendi til Bogfiminefndar og mótshaldara. Skýrslan á ekki að vera nein ritgerð, bara það sem hefði mátt betur fara svo að keppni í framtíðinni verði betri. Eyðublaðið er aftast í skjalinu.

Dæmi 1 „Í lok keppinnar kom í ljós að 36 örvar höfðu skoppað af skotmörkum í keppninni, Bogfiminefnd ÍSÍ og mótshaldari þyrftu að skoða hvort að það sé skynsamlegt að nota sama efni í skotmörk í framtíðinni.“

Dæmi 2 „130 skor-leiðréttingar voru gerðar af dómurum. Þetta bendir til þess að keppendur voru ekki nægilega þjálfðir eða fræddir um hvernig á að skrá skor“.

Dæmi 3 „Þrjú skotmörk fuku/duttu niður í keppninni, sem er merki um það að skotmarkastandar voru lélegir eða skotmörk voru ekki nægilega vel fest niður.“

Mótshaldarar eru einnig hvattir til þess að senda inn álit á dómara eftir keppni þó að það sé ekki skylda. Hægt er að finna það eyðublað neðst í dómarahandbókinni.

Reglur um fatlaða

Hægt er að finna reglur um fatlaða, hvaða búnað þeir mega nota og hverjir teljast fatlaðir í Reglubók númer 3 frá WA. Þarfir fatlaðra eru mismunandi eftir aðstæðum og væri best að nota common sence til að aðlaga og aðstoða þá svo að þeir geti keppt á jafnréttisgrundvelli.

Hér eru dæmi um reglur sem eiga við um fatlaða:

Fatlaðir mega sitja á skotlínu áður en tími byrjar og eftir að tíma lýkur, látið skotstjóra vita.

Einnig má vera aðstoðarmanneskja sem setur nokk á streng og slíkt, svo lengi sem engin truflun er af því fyrir aðra keppendur. Öll aðstoð er velkomin en þó má ekki aðstoða við að draga og skjóta boganum.

Það er á ábyrgð keppandans að finna einhvern til að draga örvar úr fyrir sig og skora örvar, það er ekki á ábyrgð mótshaldara, dómara, skotstjóra eða annarra keppanda að gera það.

Íslenska Dómarahandbókin 2017

Í liðakeppni sitja allir keppendurnir á skotlínu og reisa hendina upp fyrir höfuð þegar að þeir hafa lokið sínu skoti í stað þess að fara aftur fyrir 1 metra línuna.

Sjónskertir skjóta á sér fjarlægðum á Ólympíuleikum, 72 örvar á 30 metrum á 80cm skífu. Innandyra skjóta þeir á 18 metrum á 60cm skífu. Vi keppir með bundið fyrir augun. Hægt er að sjá nánar um Sjónskerta í reglubók WorldArchery 3 bls 167 21.12.

Reglur um hlutgengi einstaklinga.

Til að mega keppa á opinberum mótum á vegum ÍSÍ verður viðkomandi að vera skráður í íþróttafélag innan ÍSÍ, skráningin fer fram í gegnum íþróttafélögin í FELIX félagakerfi ÍSÍ. Erlendir íþróttamenn mega einnig taka þátt með leyfi síns sambands. Útlendingar sem búa á Íslandi mega taka þátt í undankeppni Íslandsmóts, en til þess að mega taka þátt í útsláttarkeppni á Íslandsmóti og geta unnið Íslandsmeistaratitilinn þurfa þeir að hafa búið samfleytt á Íslandi í að lágmarki 3 ár.

Samkvæmt reglum WorldArchery til þess að mega keppa fyrir annað land en það sem þú ert með vegabréf frá þarftu að hafa búið samfleytt í því landi í að lágmarki 1 ár og vera með leyfisbréf frá landssambandinu sem þú ert með vegabréf frá.

Þannig að eins skondið og það er þá er auðveldara fyrir útlending að skipta um land í bogfimi og verða heimsmeistari fyrir Ísland en það er fyrir hann að verða Íslandsmeistari.

Þakka ykkur fyrir lesturinn, þið ættuð nú að vera mun fróðari um dómgæslu, reglur og keppnishald en þið voruð áður. Við bjóðum ykkur velkomin í hóp bogfimi-fræðinga á Íslandi.

Þið teljist nú hafa þekkingu sem dómara en það verður ekki gefið út formlegt skírteini fyrr en prófinu er lokið.

Til að verða Landsdómari þarftu að ná dómaraprófinu hjá Bogfiminefnd ÍSí.

Til að verða Heimsálfu-dómari (continental judge) þá þarftu að vera landsdómari í 3 ár áður en þú mátt fara og taka frekari dómaranámskeið og dómarapróf í Evrópu (continental).

Heimsálfu-dómarar fá greitt fyrir uppihald og hótél kostnað (ekki flug ennþá en það er verið að vinna í því) á mótum á vegum WorldArcheryEurope, Evrópumeistarmótum og European Grand Prix. Og mega einnig sinna starfi sem liðstjórar fyrir sitt land á sama móti.

Til þess að verða Alþjóðlegur dómari (International judge) þarftu að vera Heimsálfu-dómari (continental) í 3 ár áður en þú mátt taka frekari dómarapróf og menntun hjá WorldArchery.

Alþjóðlegir dómarar fá greitt frá WorldArchery fyrir flug, hótél og uppihald á mótum á vegum WorldArchery, heimsmeistarmótum og heimsbikarmótum. Og mega einnig sinna starfi sem liðstjórar fyrir sitt land á sama móti.

Allar upplýsingar sem koma hér á eftir eru eyðublöð og listar sem að hjálpa ykkur að sinna ykkar starfi sem dómarar í framtíðinni.

Íslenska Dómarahandbókin 2017

Móts tékklisti.

Áður en mót hefst og meðan verið er að setja upp mótið

1. Öryggi
2. FjarlægðirSkotmarkalína
3. Skotlína
4. Biðlína
5. 3-metra lína
6. Skotbrautir
7. Skotmörk
8. Skotskífur
9. Uppsetning skotskífa
10. Hæð í miðja skotskífu
11. Skotmark fest niður
12. Númer skotmarks á miðju skotmarki
13. Vind-flögg 40cm há: 25-30cm ofan á skotmarki.
14. Vind-sokkar (hæð o.sv.frv.)
15. Númer við skotlínu
16. Skotstaða merkt á línu
17. Hljóðmerki og sjónræn merki virka
18. Kallkerfi fyrir skotstjóra
19. Skotklukka og tengdur búnaður
20. Vara skotklukka og tengdur búnaður
21. Vara skotmörk
22. Vara skotskífur
23. Athugið æfingarvöllinn
24. Ath. endurkast af t.d. auglýsingum
25. Staður til að skoða búnað keppenda
26. Úrslita-kerfi og skorsýning (t.d skorskjár)
27. Sæti og skýli fyrir dómara
28. Samskiptakerfi á milli dómara og skotstjóra
29. Áfrýjunardómari.
30. Nægilegt ljós sé til staðar (ef keppt er innandyra)

Íslenska Dómarahandbókin 2017

Dagskýrsla keppninnar

Nafn keppninnar: _____

Staðsetning: _____

Dagsetning: _____

Tegund keppni (umferðar): _____

Skotmarka-gerð(framleiðandi): _____

Skotskífu-gerð (framleiðandi): _____

Veðurfar fyrir hádegi: _____

Veðurfar eftir hádegi: _____

Almennt:

Magn örva sem fóru í gegn: _____


Örvar sem skoppuðu af: _____

Búnaðar bilanir: _____

Aðrar athugasemdir: _____

(Ítarlega skýrslu þarf að senda til Bogfimefnendrar ÍSÍ innan mánaðar frá lokadagsetningu mótis)

16 Team Single Elimination




Íslenska Dómarahandbókin 2017

| Alfar vegalengdir og aldursflokkar sem er keppt í samkvæmt World Archery reglum (Bogfiminefnd Ís) verður að fara eftir) | Utandryra lengdir í metrum | | | | | | | | | | | | |
|---|----------------------------|--------|-------------------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|
| Skyfirngar | Skammstö. | FTA/WA | Senior | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur |
| Almennur flokkur | Opinn | FTA/WA | Senior | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur |
| á 20 ára afmælisárinu og yngri | U-21 | | Junior | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur |
| á 17 ára afmælisárinu og yngri | U-18 | | Cadet | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur |
| á 14 ára afmælisárinu og yngri | U-15 | | Cub | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur |
| Fatlaðir standandi | ST | | ARST | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur |
| Fatlaðir sitjandi | W1 | | ARW1 | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur |
| Legblindir | VI | | Visually Impaired | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur |
| á 50 ára afmælisárinu og eldri | E-50 | | Master | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur | Flokkur |

| Flokkur | Utandryra lengdir í metrum | | | | | | | | | | | |
|-------------------------------------|----------------------------|---------------------|---------------------|---------------------|---------------------|----------------|-----------------------|-----------------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| | Fjarlægð 1 - 36 örv | Fjarlægð 2 - 36 örv | Fjarlægð 3 - 36 örv | Fjarlægð 4 - 36 örv | 2 umferðir - 72 örv | Útslátarkeppni | Innandryra 1 - 30 örv | Innandryra 2 - 30 örv | tveir umf - 60 örv | tveir umf - 60 örv | tveir umf - 60 örv | tveir umf - 60 örv |
| Sveigibogi Karla | 90 | 70 | 70 | 50 | 30 | 70 | 18 | 18 | 25 | 18 | 18 | 25 |
| Sveigibogi kvenna | 70 | 60 | 50 | 30 | 30 | 70 | 18 | 18 | 25 | 18 | 18 | 25 |
| Trissubogi karla | 90 | 70 | 70 | 50 | 30 | 50 | 18 | 18 | 25 | 18 | 18 | 25 |
| Trissubogi kvenna | 70 | 60 | 50 | 30 | 30 | 50 | 18 | 18 | 25 | 18 | 18 | 25 |
| Sveigibogi E-50 karla | 70 | 60 | 50 | 30 | 30 | 60 | 18 | 18 | 25 | 18 | 18 | 25 |
| Sveigibogi E-50 kvenna | 60 | 50 | 40 | 30 | 30 | 60 | 18 | 18 | 25 | 18 | 18 | 25 |
| Trissubogi E-50 karla | 70 | 60 | 50 | 30 | 30 | 50 | 18 | 18 | 25 | 18 | 18 | 25 |
| Trissubogi E-50 kvenna | 60 | 50 | 40 | 30 | 30 | 50 | 18 | 18 | 25 | 18 | 18 | 25 |
| Sveigibogi U-21 karla | 90 | 70 | 70 | 50 | 30 | 70 | 18 | 18 | 25 | 18 | 18 | 25 |
| Sveigibogi U-21 kvenna | 70 | 60 | 50 | 30 | 30 | 70 | 18 | 18 | 25 | 18 | 18 | 25 |
| Trissubogi U-21 karla | 90 | 70 | 70 | 50 | 30 | 50 | 18 | 18 | 25 | 18 | 18 | 25 |
| Trissubogi U-21 kvenna | 70 | 60 | 50 | 30 | 30 | 50 | 18 | 18 | 25 | 18 | 18 | 25 |
| Sveigibogi U-18 karla | 70 | 60 | 50 | 30 | 30 | 60 | 18 | 18 | 25 | 18 | 18 | 25 |
| Sveigibogi U-18 kvenna | 60 | 50 | 40 | 30 | 30 | 60 | 18 | 18 | 25 | 18 | 18 | 25 |
| Trissubogi U-18 karla | 70 | 60 | 50 | 30 | 30 | 50 | 18 | 18 | 25 | 18 | 18 | 25 |
| Trissubogi U-18 kvenna | 60 | 50 | 40 | 30 | 30 | 50 | 18 | 18 | 25 | 18 | 18 | 25 |
| Sveigibogi U-15 karla | 50 | 40 | 30 | 20 | 20 | 40 | 12 | 12 | 18 | 12 | 12 | 18 |
| Sveigibogi U-15 kvenna | 50 | 40 | 30 | 20 | 20 | 40 | 12 | 12 | 18 | 12 | 12 | 18 |
| Trissubogi U-15 karla | 50 | 40 | 30 | 20 | 20 | 40 | 12 | 12 | 18 | 12 | 12 | 18 |
| Trissubogi U-15 kvenna | 50 | 40 | 30 | 20 | 20 | 40 | 12 | 12 | 18 | 12 | 12 | 18 |
| Opinn Fl. Fatl Sveigibogi Karla ST | 90 | 70 | 70 | 50 | 30 | 70 | 18 | 18 | 25 | 18 | 18 | 25 |
| Opinn Fl. Fatl Sveigibogi Kvenna ST | 70 | 60 | 50 | 30 | 30 | 70 | 18 | 18 | 25 | 18 | 18 | 25 |
| Opinn fl. Fatl Trissubogi Karla ST | 90 | 70 | 70 | 50 | 30 | 50 | 18 | 18 | 25 | 18 | 18 | 25 |
| Opinn fl. Fatl Trissubogi Kvenna ST | 70 | 60 | 50 | 30 | 30 | 50 | 18 | 18 | 25 | 18 | 18 | 25 |
| Hljóastólaflokkur Karla W1 | 90 | 70 | 70 | 50 | 30 | 70 | 18 | 18 | 25 | 18 | 18 | 25 |
| Hljóastólaflokkur Kvenna W1 | 70 | 60 | 50 | 30 | 30 | 70 | 18 | 18 | 25 | 18 | 18 | 25 |
| Skiðustærð fyrir lögblinda> | 122cm | 80cm | 80cm | 60cm | 80cm | 80cm | 60cm | 60cm | 60cm | 60cm | 60cm | 60cm |
| Bogaflökur VI | 30 | 30 | 30 | 30 | 30 | 30 | 18 | 18 | 18 | 18 | 18 | 18 |
| Bogaflökur V2/3 | 30 | 30 | 30 | 30 | 30 | 30 | 18 | 18 | 18 | 18 | 18 | 18 |

Þessi listi er tekinn úr Íslandsmetaskrá Notað listann í því skjali þar sem þar eru réttar uppfærðar vegalengdir

Íslenska Dómarahandbókin 2017



Íslenska Dómarahandbókin 2017




Image 13: Match Play Chart 1B (104 athletes, byes are permitted)

Íslenska Dómarahandbókin 2017

Þetta skjal er skrifað með besta hugarfari til að aðstoða fólk við að stunda og keppa í bogfimi.

Oft koma upp aðstæður þar sem ekki er hægt að fara eftir þessu skjali og það er dómari þeirrar keppni sem ákvarðar hvað á við í hvert skipti.

Til dæmis; Í lítilli keppni gæti dómari og skotstjóri þurft að vera sama manneskjan. Það væri best að það væri sitt hvor maðurinn að sinna hvoru starfi fyrir sig, en það er ekki alltaf hægt.

Eins og var nefnt á fyrstu blaðsíðu þessa skjals „Góð dómgæsla er að nota reglurnar á sanngjarnan máta þannig að allir geti keppt, jafnir. Dómari er ekki heilalaus regluvéi“. Mundu markmiðið er nr. 1 að styðja íþróttina og nota common sense við dómgæslu.

Efni sem var notað við gerð þessa skjals:

Handbók bogfimidómar á ensku <https://worldarchery.org/judging>

Reglubækur WorldArchery <https://worldarchery.org/Rules>

Siðareglur ÍSí http://www.isi.is/library/Skrar/throunar--og-fraedslusvid/Siðareglur_ÍSí.pdf

Mótareglur ÍSí http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Log-og-reglugerdir/mota_og_keppendareglur.pdf

Ég mæli með því að þið lesið reglubækur WorldArchery 2 og 3 allar í heild sinni. Meirihlutinn af þeim upplýsingum sem þið þurfið að vita eru í þeim bókum. Einnig er gott að þekkja lög auk móta- og keppendareglur ÍSí. Þannig að eitthvað sem er gott að setja á lestrarlistann við tækifæri.

REGLUR UM BÚNAÐ

Listinn hér fyrir neðan er ekki alger og er í vinnslu en gefur hugmynd um hvaða reglur gilda um búnað í sveigboga og trissuboga. Reglur um búnað er hægt að finna næstum allar í reglubók 3.

REGLUR UM BÚNAÐ Á SVEIGBOGA

Bannað er að nota bogafetil (bogaband) sem heldur þyngdinni á boganum uppi á únlið eða framhandlegg. (Erfitt að athuga.)

Það má nota sigtishýsingu en hún má ekki vera lengri en 1,9cm

Það má nota ljósleiðara í sigti svo lengi sem beini kaflinn af ljósleiðaranum sé 2 cm eða undir

Enginn punktur eða litur má vera á strengnum þegar búið er að draga bogann upp (peep sight)

Peep sight eru ekki leyfileg.

Sveigbogi má ekki vera með örvasæti aftar en 4 cm frá miðpunkti grips

Það má aðeins vera ein draglengdar-viðmiðun á hverjum boga. (t.d ekki má vera með dragfjöður og spegil eða 2 dragfjaðrir)

Það er ekkert hámark af jafnvægisstöngum sem má nota og engar

hámarksstærðir en það má ekki nota þær sem stand að neinu leiti á meðan skotið er og þær mega ekki vera hættulegar öðrum eða truflandi fyrir aðra keppendur.

REGLUR UM BÚNAÐ Á TRISSUBOGA

Þetta er ekki tæmandi listi.

Allur rafeindabúnaður er bannaður á boganum, sigtinu, örvasætinu og sleppinum.

Í öllum flokkum má dragþyngdin ekki fara umfram 60lbs (pund)

Bannað er að nota bogafetil (bogaband) sem heldur þyngdinni á boganum uppi á úlnlið eða framhandlegg.

Leyfilegt er að nota sigti með stækkunargleri á trissuboga

Það er ekkert hámark af jafnvægisstöngum sem má nota og engar

hámarksstærðir en það má ekki nota þær sem stand að neinu leiti á meðan skotið er og þær mega ekki vera hættulegar öðrum eða truflandi fyrir aðra keppendur.

REGLUR UM ÖRVAR

Örvar verða að vera merktar bogamanninum með nafni eða skammstöfun.

Hámarksþykkt örva er 9,3 mm en oddurinn má vera 0,1 mm þykkari (9,4mm),

örvavefjur sem gera örina þykkari en 9,3 mm eru leyfðar svo lengi sem þær ná ekki framar en 22cm mælt frá strengrauf í átt að oddi.

Allar örvarnar verða að vera af sömu tegund og með sama fjölda og lit af fjöðrum hjá bogamanninum.